



FÉLAG ALMENNRA LÆKNA

22. apríl 2021

Umsögn þessi fjallar um reglugerðardrög að (5.) breytingu á reglugerð nr. 1255/2018 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, sem birt var á samradsgatt.is þann 9. apríl 2021.

Stjórn Félags almennra lækna (FAL) hefur yfirsarið umrædd reglugerðardrög og mótmælið þeim harðlega. Stjórn FAL tekur eindregið undir þau mótmæli sem fram koma í umsögn stjórnar Læknafélags Íslands (LÍ) og þær athugasemdir sem stjórn LÍ gerir við drögin.

Stjórn FAL kemur einnig fram eftirfarandi athugasemendum:

1. Almennir læknar, þ.e. læknar sem lokið hafa embættisprófi í læknisfræði en hafa ekki sérfræðiréttindi, eru oft fyrsti læknirinn sem sjúklingur hittir við komu á bráðamóttöku eða legudeildir, og síðasti læknirinn sem þeir ræða við við útskrift frá spítalanum. Almennir læknar gegna einnig viðamiklum störfum innan heilsugæslunnar. Því hafa almennir læknar einstaka innsýn í starfsemi heilbrigðiskerfisins og sjá þar hve mikilvæg og nauðsynleg starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna er í íslensku heilbrigðiskerfi, meðal annars við eftirfylgd sjúklinga sem hafa útskrifast af sjúkrahúsum og við móttöku fjöldamargra tilvísana frá heilsugæslu fyrir flóknari mál sem krefjast að komu sérgreinalækna. Stjórn FAL telur reglugerðardrögin takmarka aðgengi sjúklinga að þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og veikja þá mikilvægu stoð sem sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar eru í heilbrigðiskerfi okkar. Þetta telur stjórn FAL muni hafa afdrifaríkar og alvarlegar afleiðingar innan heilbrigðiskerfisins og m.a. slæm áhrif á starfsemi Landspítala Háskólasjúkrahúss.
2. Almennir læknar ljúka flestir sérfrædimenntun í læknisfræði, sumir innanlands en margir utan landsteinanna. Stjórn FAL bendir á að reglugerðardrögin munu hafa neikvæð áhrif á fjölbreytileika rekstrarforma innan íslensks heilbrigðiskerfis og takmarkandi áhrif á atvinnufrelsi lækna. Það mun minnka líkur þess að íslenskir sérfræðingar snúi aftur hingað til lands að loknu sérmámi erlendis.

Stjórn FAL hvetur heilbrigðisráðherra til að samþykkja ekki reglugerðardrögin í núverandi mynd. Stjórn FAL hvetur jafnframt Sjúkratryggingar Íslands til að semja við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem fyrst.

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar Félags almennra lækna
Berglind Bergmann, formaður.